

Samband íslenskra sveitarfélaga / Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ytra mat – Lundarskóli

Matsskýrsla

Hanna Hjartardóttir
Sólveig Zophoníasdóttir
Apríl 2012

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	3
Stjórnun	3
Nám og kennsla	3
Innra mat	4
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	4
Inngangur	6
Markmið	7
Aðferðir og framkvæmd	8
Niðurstöður	9
I Svið Stjórnun.....	9
Stjórnun	9
Stjórnandinn sem leiðtogi	9
Stjórnun stofnunar	10
Faglegt samstarf	11
Skólaþróun.....	12
Starfsáætlun og skólanámskrá	12
Skóladagur nemenda.....	13
Verklagsreglur og áætlanir	14
Skólaráð, foreldrafélag	14
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun.....	15
Svið II Nám og kennsla.....	15
Nám og námsaðstæður	15
Skipulag náms og námsumhverfi.....	16
Kennsluhættir og gæði kennslu.....	17
Námshættir og námsvitund.....	17
Lýðræðisleg vinnubrögð	18
Ábyrgð og þátttaka.....	18

Nám við hæfi allra nemenda	19
Stuðningur við nám	19
Svið III Innra mat.....	20
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.....	20
Innra mat er markmiðsbundið.....	21
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum.....	21
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	21
Innra mat er opinbert.....	22
Innra mat er umbótamiðað	22
Svið IV Fjölbreyttar kennsluaðferðir.....	23
Mynd 1.....	24
Mynd 2.....	25
Samantekt ábendinga.....	26
Stjórnun	26
Styrkleikar.....	26
Tækifæri til umbóta	26
Nám og kennsla	27
Styrkleikar.....	27
Tækifæri til umbóta.....	27
Innra mat	28
Styrkleikar.....	28
Tækifæri til umbóta.....	28
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	29
Heimildaskrá.....	30

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á Lundarskóla á Akureyri sem framkvæmt var á vorönn 2012. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en sá fjórði ákveðinn af Skóladeild Akureyrar og Lundarskóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og fjölbreyttir kennsluhættir.

Stjórnun

Helstu niðurstöður eru þær að skólastjórnendur hafa mikinn metnað fyrir skólann og leggja rækt við samskipti allra í skólasamfélaginu; nemendur, foreldra og starfsfólk. Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem áhersla er lögð á góða líðan allra sem þar starfa. Áhersla er lögð á að hafa sem best og skilvirkust samskipti milli skólastiga þ.e. milli leik- og grunnskóla og hins vegar við framhaldsskólana á Akureyri. Skýr verkaskipting er milli stjórnenda og gott upplýsingaflæði þeirra á milli.

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í heiðri höfð og einkenna samstarf allra í skólanum. Einnig einkennast samskiptin af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Faglegt samstarf kennara er styrkt með ýmsu móti, má þar nefna svokallaða lærdómshópa kennara sem eru hvati til eflingar fagmennsku í starfi. Stjórnendur mættu þó huga betur að endurgjöf til kennara hvað varðar kennslu og fagmennsku.

Skólanámskrá og starfsáætlun er vel útfærð og unnin í samstarfi við alla í skólasamfélaginu. Stefna skólans kemur m.a. fram í stefnukorti og agastefnunni SMT-skólafærni. Þar má sjá allar helstu áherslur skólans og það sem við kemur daglegu starfi hans. Sérstök áhersla er lögð á teymiskennslu þar sem mjög vel er komið til móts við mismunandi hæfileika og getu einstaklinganna á öllum sviðum.

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu og samskipti milli heimila og skóla eru góð. Fulltrúar foreldra í skólaráði og í stjórn foreldrafélags hafa greiðan aðgang og eiga góð samskipti við stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Nám og kennsla

Í Lundarskóla fá nemendur nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár og er skólinn án aðgreiningar. Skólabragurinn einkennist af virðingu og rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi óháð atgervi og stöðu.

Skólanámskrá Lundarskóla er endurskoðuð reglulega af kennurum, öðru starfsfólki, nemendum og foreldrum og birt opinberlega. Bekkjarnámskrár með námsmatsviðmiðum sem sýna stíganda í framvindu náms. Allir nemendur hafa eitthvert val um viðfangsefni. Námsumhverfi er almennt vel nýtt, hvetur til náms, gefur möguleika á samvinnu og einstaklingsvinnu og styður við fjölbreytta kennsluhætti. Nemenda- og foreldrasamtöl eru þrisvar á ári í tengslum við leiðsagnarmat.

Kennarar Lundarskóla hafa góða þekkingu í kennslufræði og á námssviðum sem þeir kenna. Teymiskennsla einkennir kennsluhætti og kennslustundir eru skipulagðar með tilliti til

námsmarkmiða og þarfa nemenda. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af markmiðum náms. Markvisst er fylgst með námi og framförum nemenda og skráð hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.

Kennslan er skipulögð þannig að hún hæfir flestum nemendum en viðfangsefni. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps. Skólinn bætir og viðheldur stöðu sinni í námi samkvæmt samræmdum prófum, samskiptum og líðan nemenda.

Innra mat

Í skólanámskrá Lundarskóla er greint frá helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólafarfið. Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggur fyrir og þar sem fram kemur að helstu þættir skólafarfsins eru metnir. Gerðar eru áætlanir um framkvæmd innra mats til skemmri og lengri tíma. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer að jafnaði ekki fram nema með óformlegu jafningjamati vegna teymisvinnu og lærdómshópa.

Í Lundarskóla er gerð grein fyrir tilgangi og markmiðum með innra mati, hverjir koma að því, hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun, hver viðmiðin eru og hverjir eru styrkleikarnir og hvar eru tækifæri til umbóta. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst og gerð grein fyrir þeim þáttum sem þarfnast úrbóta og hvernig staðið skuli að þeim. Unnið er með niðurstöður úr ytra mati í innra mati.

Í Lundarskóla hvílir ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra mats fyrst og fremst á stjórnendum. Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru ekki virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangs röðun innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats og þau eiga ekki aðild að skipulagi og framkvæmd innra mats.

Greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir eru skýrt fram settar, þær eru opinberar og birtar á heimasíðu Lundarskóla. Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Í Lundarskóli er teymiskennsla. Innan hvers árgangs geta kennarar skipt nemendum í hópa eftir því hvað verið er að vinna hverju sinni. Teymiskennsla býður upp á mismunandi kennsluaðferðir eftir því hvað hentar hverjum hópi og viðfangsefnum náms. Einnig nýtist sérfræði, hugvit og reynsla kennara á fjölbreyttan hátt í teymiskennslu.

Samkvæmt skólanámskrá Lundarskóla eru kennsluhættir mjög fjölbreyttir og nægir þar að nefna útlistunarkennslu, þrautalausnir, söguaðferð, þemanám, hugtakakort og sjálfstæð og skapandi viðfangsefni.

Hver kennarahópur þarf að ræða og taka sameiginlega ákvörðun um þær aðferðir sem á að nota en að öðru leyti eru kennarar sjálfstæðir hvað varðar aðferðafræði og kennsluaðferðir svo lengi sem þær endurspeglar stefnu skólans.

Í vettvangsskoðunum matsaðila og í samtölum við rýnihópa kom fram að lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti (sjá töflu í kaflanum Niðurstöður – Fjölbreyttar kennsluaðferðir bls.22). Þróun teymiskennslu hefur verið megin verkefni faglegs starfs undanfarin ár sbr. verkefnið „*Svífum seglum þöndum*“ (Lundarskóli, 2007) og í framhaldi af þeirri vinnu er hugur í stjórnendum að huga að og efla fjölbreytta kennsluhætti.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Lundarskóla á Akureyri. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Sólveigu Zophoníasdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 26. – 30. mars, 2012. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af tilraunaverkefni sem unnið er samkvæmt tillögum faghóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sá hópur tók til starfa árið 2010 og skilaði tillögum í mars 2011. Þar var lagt til að metnir yrðu í tilraunaskyni sex ólíkir skólar hvað varðar stærð og staðsetningu samkvæmt nánari útfærslu. Tilgangur tilraunaverkefnisins er meðal annars að meta kostnað við verkefnið á raunhæfan hátt, endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd matsins og svara á öruggari hátt mörgum álitafnum í tillögum faghóp um fyrirkomulag í kringum ytra mat. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og ráðuneyti taki ákvörðun um áframhaldandi samstarf um ytra mat á grundvelli niðurstaðna þessa tilraunaverkefnis.

Kennsla hófst í Lundarskóla 16. október 1974. Nemendur voru 357 í forskóla til 5. bekkjar (núverandi 1. - 6. bekkur) og starfsmenn voru fjórtán. Veturinn 1978-1979 var lokið við annan áfanga skólabyggingarinnar og urðu á þessum tíma flestir nemendur í sögu skólans eða 672. Sérkennsludeildir voru starfandi fyrstu árin, en lengst af hefur sérkennslunemendum verið kennt í almennum bekkjardeildum. Á næstu árum fækkaði nemendum og skólaárið 1995-1996 voru þeir 326 en síðan hefur þeim fjölgað jafnt og þétt. Frá 1991 hafa allir nemendur skólans sótt íþróttatíma í íþróttahús Lundarskóla (K.A. Heimilið), en áður fór kennslan fram í íþróttahúsinu við Laugargötu og í skólahúsnæðinu. Sundkennsla fer fram í Sundlaug Akureyrar.

Frá 1994 hefur skólinn verið einsetinn og tók skólavistunin eða Lundarkot til starfa á sama tíma. Í fyrstu var skólavistunin útibú frá Brekkukoti en nú er Lundarkot eining innan skólans. Mörg heimili nýta sér skólavistunina (Frístund) og eru árlega á milli 70 og 80 börn á Lundarkoti. Haustið 1998 var í fyrsta skiptið 8. bekkur við skólann sem útskrifaðist vorið 2001 sem fyrsti 10. bekkur frá Lundarskóla. Skólinn hefur verið heildstæður hverfisskóli, fyrir börn úr Lundarhverfi, frá haustinu 2000. Við þær breytingar var byggt við skólann, bætt við skrifstofum, sal, skólasafni, mötuneyti og fleiru og ýmsu var breytt í eldra húsnæði. Færanlegar kennslustofur eru á lóðinni sem eru nýttar fyrir Lundarkot (vistun yngri nemenda eftir skóla), leikskólann og Tónlistarskóla Akureyrar fyrir nemendur Lundarskóla sem stunda tónlistarnám.

Í Lundarskóla er lögð áhersla á heildarskipulag kennsluhátta sem miðar að samvinnu kennara og samfellu í námi nemenda auk þess að byggja á sterkum hliðum nemenda. Veturinn 2007-2008 hófst þróunarverkefnið „*Svífum seglum þöndum*“ sem allt starfsfólk skólans tekur þátt í þar sem litið er á alla árganga sem eina heild og allir kennarar vinna í teyrum. Innan hvers árgangs geta kennarar skipt nemendum í hópa eftir því hvað verið er að vinna með hverju sinni. Kennarateymi sjá um skipulagningu og hópaskiptingar. Á þennan hátt er starfsfólk

Lundarskóla að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og nýta mannauðinn innan skólans sem best.

Í nokkur ár hefur verið lögð áhersla á nám í útiskóla. Vorið 2009 fékk skólinn úthlutað svæði í Naustaborgum fyrir „útiskólastofu“ undir berum himni. Þangað koma nemendur í námshópum eða heilum árgöngum til náms og leiks.

Í janúar 2009 hófst innleiðsla *SMT-skólafærni* í Lundarskóla og mun hún taka nokkur ár.

Ýmis önnur þróunarverkefni og nýbreytnistörf eru í gangi eins og verkefnið *Byrjendalæsi og Orð af orði*. Auk þess starfar skólinn undir merkjum *Heilsueflandi grunnskóla* (Lýðheilsustöð, 2012). Skólaárið 2011 - 2012 eru nemendur í Lundarskóla um 480 í 10 árgöngum og starfsmenn 80, þar með talið starfsfólk í vistun. Kennarar eru 46 (í aðeins færri stöðugildum) og stjórnendur 3. Allir sem kenna við skólann eru með kennsluréttindi. Við skólann starfar sérdeild fyrir heyrnarskerta.

Nemendur af erlendum uppruna eða hafa dvalið langdvölum erlendis eru 27 alls og af þeim eru 5 nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þar sem sérkennslan fer aðallega fram í teyllum/teymisvinnu innan árganga er erfitt að segja til um hversu margir nemenda fá slíka kennslu.

Það er skólaskrifstofa Akureyrar sem er næsta yfirvald og þangað sækir skólinn hluta af sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf auk miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Í Lundarskóla er hefð fyrir því að kvenkyns skólastjóri er nefnd skólastýra og er þess gætt í þessari skýrslu þar sem skólastjóra væri annars getið.

Markmið

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla, 2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Þau eru byggð á lögum og reglugerðum um skólustarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólustefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólustarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólustarf ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá var óskað eftir niðurstöðum samræmdra prófa og framfarastuðlum frá Námsmatsstofnun undanfarin þrjú ár. Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var óskað eftir niðurstöðum úttekta á innra mati skólans (sjálfsmati).

Skólaheimsóknin stóð yfir í 4 daga, þ.e. 27. – 30. mars 2012. Fyrst var fundur með skólastýru og fræðslustjóra Skóladeildar Akureyrar, þar voru forsendur matsins kynntar og framkvæmdin. Síðan var kynningarfundur fyrir alla starfsmenn auk skoðunarferðar um skólann undir leiðsögn skólastýru. Þá tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara en þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendur í 1. – 5. bekk og hins vegar 6. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Loks var einstaklingsviðtal við skólastýruna.

Heimsóttar voru 20 kennslustundir hjá 26 kennurum en mikið er um teymiskennslu í skólanum og því oft 2 – 3 kennarar sem undirbúa kennslustund og kenna saman. Fjölbreyttar námsgreinar voru skoðaðar svo sem stærðfræði, íslenska, enska, danska, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl, myndmennt, smíði, íþróttir og tónlist. Kennarar vissu hvaða daga matsaðilar voru væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Að lokinni heimsókn í skólann fékk skólastýra í hendur lýsingu á framvindu í hverri kennslustund þar sem einnig voru gefin stig/einkunn fyrir hverja stund. Kennurum var boðið að hitta matsaðila í lok hvers dags og fá endurgjöf og nýttu um nokkrir kennarar sér það.

Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en síðari hluta daganna sem matið fór fram á vettvangi unnu þeir saman að úrvinnslu gagna svo og að lokinni skólaheimsókn. Þar komust þeir að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

metnir voru. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi.

Niðurstöður

I Svið Stjórnun

Stjórnun

Leiðarljós Lundarskóla er: **Lundarskóli þar sem okkur líður vel.** Í stefnu/stefnukorti skólans koma líka fram einstakir þættir stefnunnar, markmið og leiðir til að ná þeim.

Stefnan snýst um eftirtalda þætti;

Nemendur – og markmiðið er:

- Koma til móts við alla nemendur á þeirra eigin forsendum.
- Styrk sjálfsmýnd nemenda og jákvæð hegðun.
- Vellíðan í skólanum.

Innra ferli og markmiðið er:

- Í skólanum ríki gott andrúmsloft, samstaða og samstarf.
- Öflugt faglegt starfsfólk.
- Árangursmæla flesta þætti skólastarfsins.
- Skilvirkar boðleiðir innan skólans.
- Gera stefnu skólans virka.

Þróunarstarf og markmiðið er:

- Þróunarstarf er eðlilegur þáttur skólastarfsins.

Foreldrar og nærsamfélagið og markmiðið er:

- Öflugt foreldrasamstarf.
- Samræma þjónustu skólans og annarra þjónustustofnana í nágrenninu.
- Öflugar forvarnir og tólmstundir.

Í anda þessarar stefnu er skólastarf Lundarskóla og þar með stjórnun skólans eins og hún er í dag. Einnig byggir stjórnun skólans á grunnskólalögum (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, gr.7) en þar segir m.a. að við grunnskóla skuli vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnir honum, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins og í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011, bls. 43) segir m.a. að skólastjóri beri í samstarfi við starfsfólk ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla.

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur leggja rækt við dagleg samskipti við alla í skólasamfélaginu; nemendur, starfsmenn og foreldra, og stuðla að samhljómi þeirra um stefnu og starfshætti. Stefna skólans, sem bæði starfsmenn og foreldrar þekkja, er skýrt sett fram og birtist á heimasíðu.

Hún kemur meðal annars fram í stefnukorti skólans og agastefnunni SMT - skólafærni sem Lundarskóli innleiddi í byrjun árs 2009 og fjallar um jákvæðan stuðning við hegðun nemenda. SMT er útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS og Parent Management Training/PMT. Stór viti, tákn stefnunnar, er mjög sýnilegur í inngangi skólans. Ýmsar aðrar áætlanir eða stefnumótandi aðgerðir eru til um samstarf bæði innan skóla og utan.

Þá þekkja allir í skólasamfélaginu einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem skólinn hefur mótað. Á heimasíðu skólans er miðlað upplýsingum um gæði skólastarfs og árangur nemenda en þeim upplýsingu er einnig komið á framfæri á ýmsan annan hátt svo sem á foreldrafundum, námskynningum o.fl. Kennarar eru sífellt hvattir til að auka gæði náms og kennslu og stjórnendur fylgjast með t.d. á stigs- og árgangafundum þó ekki sé um reglulega endurgjöf að ræða. Allir kennarar gera kennsluáætlanir sem stjórnendur fá og geta þannig fylgst með gæðum náms. Komið hefur verið á fót svokölluðum lærdómshópum meðal kennara sem hittast reglulega til að ræða fagleg málefni og efla sig í starfi.

Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Stjórnendur stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Í starfsáætlun, skólanámskrá og stefnukorti skólans má glögglega sjá í hverju starfið felst.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.
- Miðlun upplýsinga um árangur og gæði er komið vel á framfæri.
- Huga ber að reglulegri endurgjöf til kennara.

Stjórnun stofnunar

Áberandi samvinna og samstarf er milli stjórnenda en þess má geta að sitjandi skólastýra er þar í forföllum þetta árið. Núverandi stjórnunarteyminu tekst vel að laða fram góðan samhljóm meðal starfsmanna, foreldra og stjórnenda; og stuðla að jákvæðum anda og eldmóði. Skipurit liggur fyrir um gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum þó er ekki gerð grein fyrir uppbyggingu verkaskiptingar og ábyrgðar í stjórnskipulaginu, en starfslýsingar allra eru skýrar.

Kennslan tekur mið af menntun og sérhæfingu kennara og starfsþróunarsamtöl eru reglulega. Skóladeild Akureyrar vinnur að því í samvinnu við skólana að koma upp formlegri skráningu á menntun og sérhæfingu starfsmanna.

Í starfsmannasamtölum er starfsfólki veitt endurgjöf fyrir vel unnin störf. Einnig er veitt endurgjöf á starfsmannafundum og í daglegu starfi eins og tilefni gefst til. Forgangsroðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins. Verklagsreglur um meðferð ágreining- og eineltismál í starfsmannahópi eru til hjá Akureyrarbæ. Allir

starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu en það gildir ekki með kennaranema og verktaka. Mjög vonduð drög að jafnréttisáætlun liggja fyrir og verður kynnt starfsfólki í maí. Hún nær til nemenda og starfsmanna en ekki til foreldrasamfélagsins t.d. hvað varðar kosningu í stjórn foreldrafélags eða fulltrúa í skólaráð.

Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Mikill samhljómur og jákvæður andi einkennir samskipti innan skólans.
- Samskipti stjórnenda við foreldrasamfélagið eru góð.
- Starfslýsingar og skráning menntunar liggur fyrir (og er í vinnslu) og nýtist menntun og sérhæfingu hvers og eins markvisst í starfi.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er til staðar.
- Skoða þarf verklagsreglur varðandi þagnarskyldu kennaranema, verktaka og annarra sem starfa um stundarsakir í skólanum.
- Huga þarf að hvort jafnréttisáætlun nái til foreldra hvað viðkemur skipan t.d. í skólaráð og stjórn foreldrafélags.

Faglegt samstarf

Allir aðilar skólasamfélagsins mynda saman lærdómssamfélag. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið eins og t.d. má sjá í SMT- skólafærni og vinnu þar að lútandi. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.

Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldurstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Teymiskennslan er góður vettvangur fyrir faglegt starf. Sérstakir lærdómshópar kennara eru starfandi til eflingar fagmennsku í starfi.

Fundaáætlun fyrir skólaráð er sett upp fyrir skólaárið og fundir boðaðir með dagskrá. Fundargerðir þess eru aðgengilegar á heimasíðu. Reglulega er boðað til kennarafunda og starfsmannafunda, bæði funda fyrir allan hópinn og einnig t.d. með öðru starfsfólki. Strax að hausti má sjá skipulag funda og sem áætlaðir eru yfir veturinn. Helstu fundarefni eru birt fyrir einn mánuð í einu..

Samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð. Má þar nefna samstarf við leikskólann sem er sífellt vaxandi. Sem dæmi um gott samstarf þar er að 6. bekkur les reglulega fyrir elstu leikskólanemendur og myndar þannig samband sem nýtist nemendum sem koma í 1. bekk. Þá eru sameiginlega þemaverkefni elstu leikskólabarna unnin með 1. bekkingum skólans og nemendur leikskólans (sem nýta húsnæði á skólalóðinni) snæða með nemendum í Lundarskóla í hádegi. Gott samstarf er við Tónlistarskóla Akureyrar en nemendur Lundarskóla sækja einkatíma í tónlist á skólatíma í stofu sem tónlistarskólinn

hefur til afnota á skólalóðinni. Margvíslegar kynningar eru í boði fyrir elstu nemendur á framhaldsskólum bæjarins og gagnkvæmar heimsóknir.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti einkennast af jákvæðni og trausti.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmynd um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Faglegt samstarf kennara m.a. í teyllum er til fyrirmynda.
- Teymiskennsla og lærdómshópar kennara eru hvati til eflingar fagmennsku í starfi.
- Fundir skólaráðs eru reglulegir og boðaðir með dagskrá.
- Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt.

Skólaþróun

Þróunar- og umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans og á innra og ytra mati á starfinu. Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Í starfsmannasamtölum að vori koma kennarar fram með óskir sínar um kennslu næsta vetrar. Símenntunaráætlun tengist þróunar og umbótastafi innan skólans og er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Ekki er vel skilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í skólanum. Það eru fyrst og fremst stjórnendur en ekki ákveðin matsteymi þó þróunarstjórn, sem tengist verkefninu „*Svífum seglum þöndum*“, beri þar vissa ábyrgð. Þar sitja tveir kennarar og deildarstjórar það er til fyrirmynda að hver atburður í skólanum svo sem jólaskemmtun, árshátíð, fjölgreindaleikar og vettvangsferðir er metinn undir stjórn þeirra sem verkinu stýra og er síðan endurbættur með tilliti til niðurstöðu.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Þróunar- og umbótastarf er markvisst og byggir á stefnu skólans.
- Símenntunaráætlun endurspeglar stefnu skólans auk þess að stuðla að hvers konar endurmenntun starfsmanna.
- Hver viðburður í skólanum er metinn sérstaklega og endurbættur m.t.t. niðurstöðu.
- Setja þarf upp á skilvirkari hátt hver ber ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda.

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla viðmið sem birt eru í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011, bls. 46–47) og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskráin er í þremur hlutum; *Handbók heimilanna*, *Bekkjarnámskrár* og *Haustlaufið* en tveir fyrrnefndu hlutirnir eru að sögn skólastýru það sem má segja að sé einnig starfsáætlun. Þeir hlutar eru

Því birtir á heimasíðu og skólanefnd tilkynnt þegar árlegri endurskoðun er lokið. Í Haustlaufi eru fyrst og fremst hagnýtar upplýsingar og verkferlar sem snúa að starfsfólki skólans.

Annars konar starfsáætlun er gerð árlega þar sem koma fram markmið, áherslur og viðfangsefni hvers mánaðar en hún er fyrst og fremst til nota fyrir stjórnendur og ekki sýnileg á heimasíðu. Þar kemur einnig fram hver ber ábyrgð á hverju viðfangsefni.

Skólanámskrá er unnin sem samstarfsverkefni í skólanum af öllu starfsfólki og síðan lögð fyrir skólaráð. Ekki er um beina aðkomu að ræða fyrir foreldra eða nemendur nema í gegnum skólaráðið.

Allir aðilar í skólasamfélaginu þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Framkvæmd skólustefnunnar er rædd á starfsmannafundum og endurskoðuð yfir skólaárið og metið hvort markmiðum hefur verið náð.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá – sem jafnframt er starfsáætlun - er opinber og aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.
- Allt starfsfólk vinnur að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Framkvæmd skólustefnu er rædd, metin og endurskoðuð á starfsmannafundum.
- Huga mætti að hvort aðkoma foreldra og nemenda ætti að vera betur skilgreind við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og/eða foreldrum.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Með teymisvinnu er auðvelt að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár til að skapa samfellu í námi. Þá eru námsgreinar samþættar og nemendahópar eiga sameiginlegan tíma á töflu og því kost á samvinnu. Í unglingsdeild er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Námið nemenda utan skóla er einnig metið til valgreina ef þess er óskað.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum og teymisvinna gefa kost á fjölbreyttara námsframboði fyrir alla sbr. færnimiðað nám.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum m.a. með SMT-skólafærni. Í skólanámskránni kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag og skólareglur eru sýnilegar. Nemendur taka þátt í að setja reglur í samræmi við vinnuferli í SMT. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og skólareglur og viðbrögð við agabrotum eru í samræmi við ákvæði í reglugerð. Áætlun um sérkennslu /stuðning hefur verið gerð og henni er fylgt en í flestum teymum er a.m.k. einn sérkennari. Skimanir og kannanir eru gerðar til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.

Forvarnaráætlun (drög að forvarnaráætlun) er til staðar en þar vantar þó áætlun varðandi áfengis- og tóbaksvarnir svo og fíkniefni en fræðsla um þessa þætti fer fram í skólanum t.d. verkefnið *Hættu áður en þú byrjar* og *Reyklaus bekkur*. Allir árgangar hafa vikulega bekkjarfundi sem er í sjálfu sér forvörn.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Jákvæður skólabragur einkennir alla starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss og góð.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun skólans.

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastýra vinnur að stefnumörkun með skólaráði en veturinn 2011-2012 er skólaráð virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Skólaráð fundar reglulega, vinnur að gerð starfsáætlunar og fundir eru boðaðir með dagskrá. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu og eru lýðræðislega valdir af foreldrum. Fulltrúar nemenda eru valdir lýðræðislegri kosningu. Fulltrúar í skólaráði funda reglulega með stjórn foreldrafélagsins.

Skólastýra fundar með stjórn foreldrafélagsins þegar það óskar eftir og getur foreldrafélagið ævinlega fengið aðstöðu í skólanum til fundarhalda og hvers kyns atburða. Foreldrafélagið styrkir gjarnan ákveðin verkefni og má þar nefna lestrarverkefni og vorhátíð. Fulltrúar foreldra úr hverjum bekk vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Þeir standa fyrir alls kyns viðburðum eins og bekkjarkvöldum, sundferðum, spilakvöldum o.s.frv. sem styrkir tengsl foreldra, nemenda og starfsfólks skólans.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólaárið 2011- 2012 er skólaráðið virkur samráðsaðili í stjórnun skólans.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.
- Ljúka þarf við starfsáætlun fyrir skólaráð svo virkt ferli sé til staðar milli skólaráðs og skólastýru.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstafi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans. Á hverju hausti eru haldnar námskynningar þar sem kynnt eru námsmarkmið og leiðir til að ná þeim. Þrír reglulegir foreldraviðtalsdagar eru á hverju skólaári. Á fyrsta fundi eru rædd markmið sem nemandi hefur sett sér varðandi nám vetrarins. Á hinum tveimur er rætt um árangur í námi og líðan og nýtt er til þess svokallað *Leiðsagnarmat* hjá *Mentor*. Það kom fram hjá foreldrum að e.t.v. væri gott að ræða saman um þessar 3 dagsetningar sem viðtöl fara fram m.t.t. framvindu náms hjá nemendum. Leitað er eftir hugmyndum foreldra með ýmsum öðrum leiðum svo sem könnunum og spjallfundum yfir kaffi þar stjórnendur árganga og stjórnendur skólans hitta foreldra í óformlegu spjalli.

Mest af upplýsingum til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum fer í gegnum Mentor. Einnig fer töskupóstur heim til nemenda í flestum árgöngum vikulega, heimasíða er virk og uppfærð reglulega en ekki mjög aðgengileg til leitar. Það kemur fram í samtölum við foreldra að þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef frekari upplýsingar vantar frá skólanum.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk.
- Huga þarf að samræðu milli almennra foreldra og skólastjórnenda áður en viðtalsdagar eru samþykktir á skóladagatali.

Svið II Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Í Lundarskóla fá nemendur nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár og er skólinn án aðgreiningar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, gr. 29). Skólanámskrá Lundarskóla er endurskoðuð reglulega af kennurum, öðru starfsfólki, nemendum og foreldrum og birt opinberlega. Skólanámskrá gæti verið aðgengilegri til dæmis væri til bóta að tengill á skólanámskrá væri áberandi á upphafsíðu vefs Lundarskóla. Upplýsingar um markmið náms og kennslu og námsvísar/bekkjarnámskrár Lundarskóla byggja á aðalnámskrá og skólastefnu Akureyrarbæjar. Í bekkjarnámskrá hvers bekkjar er gerð er grein fyrir markmiðum, viðfangsefnum, inntaki og leiðum, námsmati og námsgögnum. Nemendur þekkja lítið til inntaks bekkjanámskráa eða hvar þær er að finna. Grunnþættir menntunar sjást í starfi skólans, athöfnum og námi nemenda en þeim þarf einnig að gera skil í bekkjarnámskrám. Kennarar eru faglegir og sérfræði þeirra nýtist í störfum. Fylgst er markvisst með árangri

nemenda og nemendahópa. Skólinn gerir grein fyrir fjölbreyttum árangri og margvíslegum árangri er gefinn gaumur svo sem þátttöku í viðburðum til dæmis í Stóru upplestrarkeppninni. Skólinn bætir og viðheldur stöðu sinni í námi samkvæmt samræmdum prófum, samskiptum og líðan nemenda.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega af þeim sem hagsmuna eiga að gæta.
- Fagmennska og sérfræði kennara styður og eflir skólstarfið.
- Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í starfi skólans.
- Til bóta væri að hafa áberandi tengil á skólanámskrá á heimasíðu Lundarskóla.
- Til bóta væri að upplýsa nemendur um hvar bekkjarnámskrár er að finna og hvaða gildi þær hafa fyrir nemendur og nám þeirra.
- Til bóta væri að gera grunnþáttum menntunar skil í bekkjarnámskrám og leggja ríkari áherslu á sköpunarþáttinn í skólstarfinu.

Skipulag náms og námsumhverfi

Á vefsíðu skólans birtast bekkjarnámskrár með námsmatsviðmiðum sem sýna stígangandi í framvindu í námi. Val nemenda um viðfangsefni náms eykst eftir því sem þeir verða eldri en þó hafa allir nemendur eitthvert val um viðfangsefni til dæmis í íþróttum. Víða er þröngt í húsnæði Lundarskóla en öllu er haganlega komið fyrir og plássíð nýtt eins vel og kostur er. Námsumhverfi er almennt vel nýtt innanhúss, hvetur til náms, gefur möguleika á samvinnu og einstaklingsvinnu og styður við fjölbreytta kennsluhætti. Skólastofur í kjallara líða þó fyrir takmarkaða gluggabirtu og útsýni. Skólinn er ágætlega búinn námsgögnum sem hvetja og styðja nám en tölvukostur er rýr og bilaður og skólabókasafn takmarkað opið. Lundarskóli hefur aðstöðu til útikennslu. Upplýsingar um starfsemi og markmið útiskólans er að finna á vefsíðu Lundarskóla. Nemenda- og foreldrasamtöl eru þrisvar á ári í tengslum við leiðsagnarmat. Þar ræðir umsjónarkennari skipulega við hvern nemanda um nám og líðan. Í bekkjarnámskrám kemur fram tilgangur og markmið heimanáms fyrir hvern bekk og einnig er hugað að því hvernig heimanám dreifist á vikudaga eða tímabil.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Stígangandi er í námsframvindu.
- Allir nemendur hafa eitthvert val um viðfangsefni.
- Til bóta væri að bæta tölvukost til að styðja við nám, upplýsingatækni, sköpun, miðlun og samskipti.
- Til bóta væri að hafa skólabókasafn opið lengur og á þeim tímum sem hentar nemendum og námi þeirra.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar Lundarskóla hafa góða þekkingu í kennslufræði og á námssviðum sem þeir kenna og endurspeglast fagmennska þeirra og sérfræði í störfum þeirra og skipulagi. Kennslustundir eru almennt vel uppbyggðar, skipulagðar með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. Tími nemenda í skólanum er almennt vel nýttur. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og valin með tilliti til markmiða og viðfangsefna. Teymiskennsla einkennir kennslu í Lundarskóla og stuðlar fjölbreytni í kennsluáttum, fjölbreytni í náms og að faglegru samvinnu kennara. Nemendur læra fjölbreytt vinnubrögð, að vinna sjálfstætt og í samvinnu og vinna oft saman að heildstæðum og samþættum verkefnum. Leiðsögn og endurgjöf kennara byggir á reynslu og fyrra námi nemenda og stuðlar að framförum í námi. Námsmat er einnig fjölbreytt og tekur mið af markmiðum náms. Fyrirkomulag námsmats birtist í bekkjarnámskrá hvers bekkjar en ekki er búið að tengja námsmat hæfniviðmiðum samkvæmt aðalnámskrá. Nemendum er ekki alltaf ljós markmið kennslustunda og úr því þarf að bæta.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Fagvitund kennara er almennt sterk í Lundarskóla og ber skólastarf þess vitni.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og endurgjöf stuðlar að framförum í námi.
- Náms tími nemenda er almennt vel nýttur.
- Teymiskennsla er vettvangur nýbreytni, fjölbreytni og faglegrar samvinnu.
- Leggja mætti ríkari áherslu á skapandi starf og gagnrýna hugsun í daglegu starfi nemenda.
- Það þarf að tengja námsmat hæfniviðmiðum sbr. *Aðalnámskrá grunnskóla* á næstu tveimur árum.
- Nemendum er ekki alltaf ljós markmið kennslustunda og viðfangsefna.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt sem oft tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna gjarnan að mismunandi verkefnum, þjálfast í fjölbreyttum námsaðferðum og bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni. Valgreinar eru í boði fyrir eldri nemendur og víða í kennslustofum er úrval viðfangsefna sem nemendur geta valið sér að vinna. Oft er um að ræða ítarefni sem nemendur geta valið þegar þeir hafa lokið ákveðnu verkefni kennslustundar. Einnig eru dæmi þess að nemendur geta valið mismunandi viðfangsefni og námsaðferðir til að vinna að einir eða í samvinnu við aðra nemendur innan sömu kennslustundar. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita, hvað þeir geta og vita hvernig þeir geta beitt þekkingu sinni til góðs. Nemendur þurfa auk þess að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni að geta aflað sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni, greint hana og miðlað (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011, bls. 17). Nemendur í Lundarskóla gera sér almennt ágætlega grein fyrir styrkleikum sínum og hafa vitund um sig sem námsmenn. Þeir nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni. Að mati nemenda er opnunartími skólabókasafns of stuttur og takmarkaður tölvukostur dregur úr möguleikum þeirra til að

nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni til náms. Nemendur taka þátt í að ígrunda eigið nám og m.a. með leiðsagnarmati sem fram fer þrisvar á skólaári.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Nám tekur oft mið af áhuga og hæfileikum nemenda.
- Nemendur hafa oft val um mismunandi viðfangsefni og aðferðir.
- Nemendur nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni.
- Að mati nemenda er opnunartími skólasafns of stuttur.
- Takmarkaður og bilaður tölvukostur dregur úr notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

Lýðræðisleg vinnubrögð

Í Lundarskóla eru samskipti jákvæð og einkennast af virðingu. Í rýnivíðtölum við nemendur kom fram að þeim fannst sjaldan leitað eftir sjónarmiðum þeirra um nám og fyrirkomulag skólastarfs. Í Lundarskóla er ekki til skráð með formlegum hætti hvernig eigi að laða fram sjónarmið nemenda. Nemendur vita að ef eitthvað kemur uppá í frímínútum þá geta þeir leitað til þess sem er á vakt. Nemendur fá einhverja þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum en ekki er ljóst hvaða svið skólastarfsins sjónarmið þeirra snerta og hvort tekið er viðeigandi tillit til þeirra. Það er að minnsta kosti upplifun nemenda að sjónarmið þeirra hafi lítil áhrif á nám, aðbúnað og aðstæður í skólanum. Í skólastofunni og á bekkjarfundum læra þeir að rétta upp hönd, tala ekki allir í einu og að hlusta á þann sem hefur orðið. Rödd nemenda heyrir reglulega þegar þeir vinna með foreldrum sínum að leiðsagnarmati og er það góður vettvangur fyrir nemendur til að tjá sig um málefni sem snerta þá. Fulltrúar nemenda í skólaráði eru lýðræðislega kjörnir og eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. Upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja eru öllum nemendum aðgengilegar.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Upplýsingar um umræður og ákvarðanir sem snerta nemendur eru öllum nemendum aðgengilegar.
- Það þarf að auka þátttöku og ábyrgð nemenda á skipulagi náms þannig að skólastarf fái notið sjónarmiða nemenda.

Ábyrgð og þátttaka

Markmið náms hvað varðar námseiningar í heild sinni eru aðgengileg nemendum og foreldrum í bekkjarnámskrám á vef Lundarskóla og viðmið eru opinber en nemendur þekkja þau ekki. Á Mentor setja flestir kennarar inn áætlanir og markmið um nám og heimanám til lengri og skemmri tíma. Markmið einstakra kennslustunda gætu verið nemendum ljósari og mikilvægt að kennarar geri nemendum grein fyrir markmiðum viðfangsefna hverju sinni. Nemendur og foreldrar taka þátt í setningu einstaklingsbundinna markmiða og fylgjast með

námsframvindu meðal annars í gegnum leiðsagnarmat. Leiðsagnarmatið er einnig vettvangur þar sem nemendur þjálfast í að meta árangur sinn í námi.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Markmið náms koma fram í bekkjarnámskrám og eru aðgengileg nemendum og foreldrum.
- Foreldrar og nemendur taka þátt í að setja markmið og fylgjast með námsframvindu.
- Nemendur þekkja ekki viðmið um árangur.

Nám við hæfi allra nemenda

Í Lundarskóla er lögð áhersla á skóla án aðgreiningar og einkennist skólabragurinn af virðingu og rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi óháð atgervi og stöðu. Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda og nemendahópa með fjölbreyttum viðfangsefnum og aðferðum. Taka mætti meira tillit til áhuga og hæfileika nemenda við val og skiplag viðfangsefna náms. Mat á stöðu nemenda er fjölbreytt og nám er lagað að niðurstöðum mats.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Virðing og réttur allra til virkrar þátttöku einkenna skólabraginn.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda.
- Mat á stöðu nemenda er fjölbreytt og nám er lagað að niðurstöðum mats.
- Taka mætti meira tillit til áhuga og hæfileika nemenda við val og skiplag viðfangsefna.

Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og skráð hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats. Kennslan er skipulögð þannig að hún hæfir flestum nemendum en viðfangsefnin mættu endurspeglar meira áhuga og hæfileika nemenda. Námi nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám. Stuðningur við nám er í samræmi við markmið náms og einstaklingsnámskrá. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps og bráðgerir nemendur fá oft námstækifæri við hæfi. Námsmat er fjölbreytt og lagað að þörfum nemenda þegar þarf. Foreldrar taka þátt í að endurmeta markmið einstaklingsnámskrár og það gera nemendur einnig þegar við á. Kennarar fá ráðgjöf um nám og kennslu til að mæta þörfum allra nemenda.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Kennslan er skipulögð þannig að hún hæfir nemendum.
- Stuðningur við nám er í samræmi við markmið náms og einstaklingsnámskrá.

- Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda.

Svið III Innra mat

Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og skólaþróun, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Björk Ólafsdóttir, 2011). Almenn má segja að innra mat Lundarskóla sé í góðum farvegi. Innra mat skólans er samsett úr fjölda þátta og nær til alls skólastarfs.

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er greint frá helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið. Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggur fyrir þar sem fram kemur að helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Gerðar eru áætlanir um framkvæmd innra mats til skemmri og lengri tíma og þær eru birtar sbr. stefnukort Lundarskóla. Í stefnukortinu koma fram matsþættir, markmið og leiðir að þeim. Í opinberum gögnum kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats en það er fyrst og fremst stjórnendur skólans. Til bóta væri að við skólann starfaði matsteymi sem hefði það hlutverk að halda utan um skipulag innra mats, dreifa ábyrgð og knýja ferlið markvisst áfram. Óformlegt og óskráð innra mat er hluti af daglegu starfi kennara í Lundarskóla. Til bóta væri og líklegt til skólaþróunar að skrá formlega mat og ígrundun á daglegu starfi til dæmis mat á teymisvinnu einnig mætti meta með formlegum hætti lærdómshópa kennara sem hafa að markmiði að styrkja fagvitund, hæfni og nýjungar í starfi. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer að jafnaði ekki fram nema með óformlegu jafningjamati vegna teymisvinnu og lærdómshópa en auðvelt getur verið að koma matinu á þessum þáttum á annað stig með því að skrá upplýsingar og gögn. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Kennarar og annað starfsfólk skólans ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram og því er mikilvægt að auka hlutdeild þeirra í innra mati með því að efla innri matsmenningu skólans og dreifa ábyrgð. Atburðir í skólanum svo sem jólaskemmtun, árshátíð, fjölgreindaleikar og vettvangsferðir eru metnar undir stjórn þeirra sem verkinu stýra og er síðan endurbættur með tilliti til niðurstöðu. Samstarfið við leikskólana þrjá er metið af nemendum og kennurum í viðkomandi bekkjum og niðurstöður birtar á heimasíðu skólans.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá er greint frá helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið.
- Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir þar sem fram kemur að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Til bóta væri að við skólann starfaði matsteymi sem hefði umsjón með framkvæmd innra mats.
- Til bóta væri að skrá formlega mat á daglegu skólastarfi.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð í öllum helstu þáttum skólastarfsins. Markmið og áherslupættir grunnskólalaga og skólastefna Akureyrar endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og eru þannig efniviður innra mats. Grunnþáttum menntunar þarf einnig að gera skil sem fyrst í skólanámskrá og þá um leið í innra mati. Í Lundarskóla er gerð grein fyrir tilgangi og markmiðum með innra mati, hverjir koma að því, hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun, hver viðmiðin eru og hverjir eru styrkleikarnir og hvar eru tækifæri til umbóta. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst og gerð grein fyrir þeim þáttum sem þarfnast úrbóta og hvernig staðið skuli að þeim.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Markmið og áherslupættir grunnskólalaga endurspeglast í markmiðum skólanámskrár.
- Gerð er grein fyrir helstu þáttum í framkvæmd og skipulagi innra mats.
- Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Huga þarf að því að uppfæra skólanámskrá og ferli innra mats með tilliti til grunnþátta menntunar sbr. *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni. Í innra mati Lundarskóla er unnið með niðurstöður úr ytra mati þannig er ytra matið efniviður innra mats og getur stuðlað að markvissum umbótum á skólastarfi. Lundarskóli nýttir m.a. niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmd próf, Skólapúlsinn, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir margs konar.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar við innra mat.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Í Lundarskóla hvílir ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra mats fyrst og fremst á stjórnendum. Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru ekki virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats og þau eiga ekki aðild að skipulagi og framkvæmd innra mats nema í gegnum skólaráð. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér ekki stað samræður meðal allra hagsmunaaðila t.d. nemenda og foreldra um þróun og umbætur.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir á sér ekki stað samræða meðal allra hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

Innra mat er opinbert

Greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir eru skýrt fram settar, þær eru opinberar og birtar á heimasíðu Lundarskóla. Í greinagerð um innra mat koma fram grundvallar upplýsingar um innra mat. Þar er gerð grein fyrir tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, tilgangi matsins, aðferðum við framkvæmd matsins og þátttakendum, viðmiðum, helstu niðurstöðum, styrkleikum og tækifærum til umbóta. Gætt er trúnaðar við þátttakendur og persónugreinanlegar upplýsingar afmáðar. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum.

Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Allar upplýsingar um innra mat eru opinberar.
- Tilgangur mats, aðgerðir, viðmið og helstu niðurstöður eru skýrt fram settar.
- Niðurstöður innra mats eru kynntar hlutaðeigandi aðilum.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Þar kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, tímaáætlun og hvenær á að meta hvort aðgerðin hefur skilað árangri. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og allir aðilar skólasamfélagsins geta bent á umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Við greiningu niðurstaðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Umbótaáætlun gerir grein fyrir hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn.

Svið IV Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Lundarskóli er teymisskóli þar sem allir kennarar vinna í teyllum. Áhersla er á heildarskipulag kennsluhátta sem miðar að samvinnu kennara og samfellu í námi nemenda auk þess að byggja á sterkum hliðum nemenda.

Innan hvers árgangs geta kennarar skipt nemendum í hópa eftir því hvað verið er að vinna með hverju sinni. Kennarahópurinn er metnaðarfullur og hefur fjölbreytta reynslu og þekkingu. Kennarateymi sjá um skipulagningu og hópaskiptingar. Á þennan hátt er starfsfólk Lundarskóla að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og nýta mannauðinn innan skólans sem best.

Samkvæmt stefnu skólans eru kennarar hvattir til að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að miða enn frekar að einstaklingsmiðuðu námi (sjá heimasíðu skólans; Handbók heimilanna kafli 2 og 6).

Kennsluaðferðir sem koma fram í skólanámskrá Lundarskóla eru afar fjölbreyttar þar má nefna: Útlistunarkennsla, þrautalausnir, samvinnunám, söguaðferð, þemanám, innlifun og tjáning, rannsóknarvinna, hópavinna, umræðu- og spurnaraðferðir, sjálfstæð og skapandi viðfangsefni. hugtakakort, SLSR og gagnvirkan lestur. Allar þessar aðferðir eru útskýrðar á heimasíðu skólans.


Kennarar hafa ákveðið sjálfstæði með aðferðafræði og kennsluaðferðir innan stefnu skólans. Hver kennarahópur, svo sem kennarar á sama stigi eða í sama árgangi, þarf að ræða og taka sameiginlega ákvörðun um þær aðferðir sem ráðlegt er að nota. Í því sambandi þarf meðal annars að hafa í huga aldur og getu nemendahópsins, þarfir einstakra nemenda, námsgreinar og markmiðin með kennslunni.

Matsaðilar kynntu sér fjölbreytni kennsluhátta í vettvangsheimsóknunum í kennslustofur en vitaskuld er erfitt að hafa yfirsýn yfir það í 4ra daga heimsókn. Til þess að skoða betur þennan þátt voru allir rýnihópar spurðir sérstaklega um fjölbreytni. Allir hóparnir gátu nefnt dæmi um fjölbreytni og töldu hana vera til staðar. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að uppbygging teymiskennslu hefur tekið mikinn tíma og ef til vill ekki hugað markvisst að fjölbreyttum kennsluháttum eins og áður. Hins vegar kom fram hjá foreldrum að þeir telja kennsluhætti fjölbreytta og að verið sé að nálgast viðfangsefnin öðru vísi en áður var.

Auk þess var notaður gátlisti sem einnig var hafður til hliðsjónar í hinum skólum tilraunaverkefnisins. Þess má þó geta að í gátlistanum er ekki um mikla fjölbreytni að ræða og listinn nær alls ekki til allra þátta. Samt sem áður er hægt að hafa hann til hliðsjónar og á þann hátt meta að einhverju leyti hvort markmið um fjölbreytta kennsluhætti hefur náðst.

Eins og víða annars staðar virðist tilhneiging til að mesta fjölbreytnin sé á yngsta stigi og síðan dragi úr því eftir því sem nemendur eldast. Hugsanlega er þar um að kenna að meiri áhersla er þá orðin á námsgreinar/faggreinar en minna t.d. um söguaðferð eða aðrar þematengdar aðferðir og samþættingu milli greina. Við aðeins breyttar aðstæður, þ.e.


fækkun í skólanum og þá meira kennslurými, má ætla að betra verði að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir.



Mynd 1 Kennsluaðferðir

Þess má geta að undir liðinn tilraunir og verklegar æfingar telst smíði, myndmennt og textíl og undir liðinn leikræn tjáning, söngur eða hreyfing falla ípróttir.

Í hverri kennslustund er merkt við þá kennsluhætti eða vinnubrögð sem sjá má og því auðvitað merkt við fleira en eitt í hverri kennslustund. Í sambærilegum könnunum hefur oftast verið merkt við 3 atriði í hverri kennslustund en í Lundarskóla er meðaltalið 4 sem ber vott um fjölbreytni.



Mynd 2 Kennsluaðferðir og vinnubrögð

Á mynd tvö kemur fram hvert er hlutfallið á milli kennsluaðferða. Á myndinni eru ekki teknar með þær kennsluaðferðir sem var kennt eftir í vettvangsathugunum matsaðila í kennslustundum í Lundarskóla þ.e. námsefni lesið saman og rætt við nemendur, sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni, umræður hópa og kynning niðurstaðna, útikennsla og vettvangsferðir. Matsaðilum er þó ljóst að hópur nemenda og kennara fór í útikennslu í Naustaborgum og að útikennsla er hluti af fjölbreytni kennsluaðferða við Lundarskóla.

Samantekt ábendinga

Stjórnun

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Í starfsáætlun, skólanámskrá og stefnukorti skólans má glögglega sjá í hverju starfið felst. Allt starfsfólk vinnur að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Samskipti einkennast af jákvæðni og trausti.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Faglegt samstarf kennara m.a. í teyllum er til fyrirmyndar.
- Lærdómshópar kennara eru hvati til eflingar fagmennsku í starfi.
- Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd, metin og endurskoðuð á starfsmannafundum.
- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss og góð.
- Skólaárið 2011- 2012 er skólaráðið virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Ljúka þarf við starfsáætlun fyrir skólaráð svo virkt ferli sé til staðar milli skólaráðs og skólastýru.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf verklagsreglur varðandi þagnarskyldu kennaranema, verktaka og annarra sem starfa um stundarsakir í skólanum.
- Huga þarf að hvort jafnréttisáætlun nái til foreldra hvað viðkemur skipan t.d. í skólaráð og stjórn foreldrafélag
- Huga mætti að hvort aðkoma foreldra og nemenda ætti að vera betur skilgreind við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og/eða foreldrum.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun skólans.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega af þeim sem hagsmuna eiga að gæta.
- Fagmennska og sérfræði kennara styður og eflir skólastarfið.
- Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í starfi skólans og námi nemenda en þó mætti þáttur sköpunar í skólastarfinu sjást betur.
- Stígandi er í námsframvindu.
- Allir nemendur hafa eitthvert val um viðfangsefni.
- Fagvitund kennara er almennt sterk í Lundarskóla og ber skólastarf þess vitni.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og endurgjöf stuðlar að framförum í námi.
- Námsstími nemenda er almennt vel nýttur.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Upplýsingar um umræður og ákvarðanir sem snerta nemendur eru öllum nemendum aðgengilegar.
- Markmið náms koma fram í bekkjarnámskrám og eru aðgengileg nemendum og foreldrum.
- Foreldrar og nemendur taka þátt í að setja markmið og fylgjast með námsframvindu.
- Virðing og réttur allra til virkrar þátttöku einkenna skólabraginn.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda.
- Mat á stöðu nemenda er fjölbreytt og nám er lagað að niðurstöðum mats.
- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Kennslan er skipulögð þannig að hún hæfir nemendum.
- Stuðningur við nám er í samræmi við markmið náms og einstaklingsnámskrá.
- Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda.

Tækifæri til umbóta

- Til bóta væri að hafa áberandi tengil á skólanámskrá á heimasíðu Lundarskóla.
- Til bóta væri að upplýsa nemendur um hvar bekkjarnámskrár er að finna og hvaða gildi þær hafa fyrir nemendur og nám þeirra.
- Til bóta væri að gera grunnþáttum menntunar skil í bekkjarnámskrám og leggja ríkari áherslu á sköpunarþáttinn í skólastarfinu.
- Til bóta væri að bæta tölvukost til að styðja við nám, upplýsingatækni, sköpun, miðlun og samskipti.
- Til bóta væri að hafa skólabókasafn opið lengur og á þeim tímum sem hentar nemendum og námi þeirra.
- Til bóta væri að nemendur hefðu meira val um viðfangsefni.
- Leggja mætti ríkari áherslu á skapandi starf og gagnrýna hugsun í daglegu starfi nemenda.
- Til bóta væri að tengja námsmat hæfniviðmiðum.

- Til bóta væri að gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og viðfangsefna.
- Það þarf að auka þátttöku og ábyrgð nemenda á skipulagi náms þannig að skólastarf fái notið sjónarmiða nemenda.
- Nemendur þekkja ekki viðmið um árangur.
- Taka mætti meira tillit til áhuga og hæfileika nemenda við val og skiplag viðfangsefna.

Innra mat

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er greint frá helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið.
- Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir og þar sem fram kemur að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Markmið og áhersluþættir grunnskólalaga endurspeglast í markmiðum skólanámskrár.
- Gerð er grein fyrir helstu þáttum í framkvæmd og skipulagi innra mats.
- Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar við innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Allar upplýsingar um innra mat eru opinberar.
- Tilgangur mats, aðgerðir, viðmið og helstu niðurstöður eru skýrt fram settar.
- Niðurstöður innra mats eru kynntar hlutaðeigandi aðilum.
- Við greiningu niðurstaðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Umbótaáætlun gerir grein fyrir hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn.

Tækifæri til umbóta

- Til bóta væri að við skólann starfaði matsteymi.
- Til bóta væri að skrá formlega mat á daglegu skólastafi.
- Huga þarf að því að uppfæra skólanámskrá og ferli innra mats með tilliti til grunnþátta menntunar.
- Til bóta væri ef starfsfólk, nemendur og foreldrar hefðu meiri áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir væri til bóta að samræða ætti sér stað á meðal allra hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

- Teymiskennsla miðar að samfellu í námi nemenda og samstarfi kennara auk þess að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreytni kennsluhátta.
- Kennarar eru hvattir til að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Í skólanámskrá Lundarskóla má sjá upptalningu og skýringar á fjölda kennsluaðferða.
- Allir rýnihópar nefndu dæmi um fjölbreytni kennsluhátta.
- Niðurstaða könnunar á kennsluaðferðum bendir til þess að kennarar nýti sér fjölbreyttar aðferðir í kennslu.
- Gæta þarf þess að fjölbreytni haldist þegar komið er í eldri árganga.
- Huga ber að því við rýmri aðbúnað (fækkun nemenda) að fjölbreytni kennsluhátta þróist enn frekar á öllum stigum.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.
- Lundarskóli. [2007]. „*Svífum seglum þöndum*“: þróunarverkefni í Lundarskóla. Vefslóð: <http://www.lundarskoli.akureyri.is/teymi/>
- Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.
- Lýðheilsustöð. [2012]. Vefslóð: <http://www2.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli>
- McKinsey&Company. 2007. *How the world's best-performing school systems come out on top.* [án útg.st.]: McKinsey&Company.
- McKinsey&Company. 2010. *How the world's most improved school systems keep getting better.* [án útg.st.]: McKinsey&Company.

